

11.4.2017

Hér kemur bókun 181. fundar byggðaráðs Bláskógabyggðar 31. mars 2017 sem samþykkt var á 197. fundi sveitarstjórnar þann 6. apríl 2017 varðandi erindi ykkar.

Tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis dags. 14. mars 2017; frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (þingmál 120).

Lagt fram tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis þar sem kynnt er og óskað eftir umsögn Bláskógabyggðar um frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (afnám lágmarksútsvars).

Byggðaráð Bláskógabyggðar leggst gegn samþykkt frumvarpsins þar sem það mun í grundvallaratriðum raska því jafnræði sem ríkt hefur í íslensku samfélagi og skapa grunn að misskiptingu skattgreiðslna launþega landsins. Byggðaráð Bláskógabyggðar tekur heilshugar undir athugasemdir Sambands íslenskra sveitarfélaga frá árinu 2014 um sama málefni, en þar segir:

„Þar sem fámenn sveitarfélög hafa miklar tekjur af álagningu fasteignaskatts gætu þær aðstæður skapast að þau gætu lækkað álagningarhlutfall útsvars verulega eða jafnvel niður í 0% ef lágmarksútsvar yrði afnumið með öllu. Það myndi skapa möguleika á innlendum skattaparadísum og tilheyrandi „gervibúsetu“ með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Íbúar þessara sveitarfélaga myndu því sleppa að miklu eða öllu leyti við að greiða útsvar af launatekjum sínum óháð upphæð launa.“

Vinsamlegast staðfestið móttöku þessa pósts
Kveðja

Sigurrós H Jóhannsdóttir
Sviðsstjóri stjórnsýslusviðs
Bláskógabyggð

